Ávarp ráðherra á Fjórðungsþingi Vestfjarða

Kæru þingfulltrúar, ágætu gestir.
Það er mér sönn ánægja að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér á þessu 71. (sjötugasta og fyrsta) Fjórðungsþingi Vestfirðinga. Við lentum á Ísafirði í gærmorgun og áttum góða fundi með fólki á svæðinu um það sem efst er á baugi í vestfirsku atvinnulífi um þessar mundir. *Ég átti sömuleiðis góð samtöl við mörg ykkar hér á Patreksfirði í gærkvöldi*. Það er augljóst - og þetta vissi ég reyndar fyrir - að atvinnulífið á svæðinu er í miklum blóma og það er hugur í Vestfirðingum. Við okkur blasa svo enn frekari tækifæri til sóknar og aukinnar verðmætasköpunar.
Stefna ríkisstjórnarinnar og mín persónulega sýn er skýr varðandi þetta: **Við ætlum okkur að auka verðmætasköpun í atvinnulífinu enn frekar**, meðal annars með því að ná stjórn á fjármálum ríkisins, með markvissri uppbyggingu innviða á borð við samgöngur og raforkukerfið, og með einföldun regluverks. Þar er fyrsta heildstæða atvinnustefna Íslands sem ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári ákveðið grundvallaratriði. Stefnan er vaxtarplan til tíu ára sem lýsir því hvernig stjórnvöld vinna <u>með</u> atvinnulífinu og samfélaginu að aukinni verðmætasköpun. Framtíðarsýnin er að verðmætasköpun byggist á fjölbreyttum útflutningi, nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda, til að fjölbreytt störf verði til um allt land.

Í mínum huga skipta þessi síðustu orð miklu máli: **um allt land**. Við eigum ekki að líta á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sem sérstakt verkefni án tengsla við annað. Hún er hluti af hagstjórninni. Ísland verður ekki efnahagslega sterkt nema atvinnulíf og samfélög séu sterk hringinn í kringum landið.

Kæru gestir.
Lagareldi er ein af þeim atvinnugreinum sem fær mikið vægi í atvinnustefnunni, enda er það framtíðarsýn stjórnvalda að um sé að ræða grein sem geti orðið ein af undirstöðuatvinnuvegum landsins. Þið á Vestfjörðum þekkið það vel hversu mikil lyftistöng þessi grein hefur verið fyrir samfélagið. Þið vitið að sama skapi vel hversu aðkallandi það er að endurskoða lagaumgjörð greinarinnar heildstætt – sem er einmitt það sem ríkisstjórnin gerði síðastliðinn vetur með frumvarpi mínu til laga um lagareldi.

Ég verð því að viðurkenna að það voru vonbrigði að frumvarpið skyldi ekki ná fram að ganga. Þar skorti aðallega á samstöðu innan greinarinnar sjálfrar, þrátt fyrir þétt og gott samtal við ráðuneytið í aðdraganda þess að frumvarpið var lagt fram, auk þess sem andstaðan við málið var langt um fyrirferðameiri en stuðningur þeirra sem eiga mikið undir að greininni sé sniðinn sanngjarn og heildstæður lagarammi.
Það er einfaldlega þannig að til að svona stórt mál fari í gegn þarf breiðan stuðning en þögnin var að ákveðnu leyti ærandi, svo ég leyfi mér að tala tæpitungulaust. Ég vil þó halda því til haga að við fengum góðan stuðning frá ykkur sveitastjórnarfólki. Það segir sig þó sjálft að það er ekki mikil hjálp í því að aðrir hvísli um það inni í herbergjum að þeir vilji gjarnan að málið fari í gegn, það sé mikilvægt og skipti máli. Stuðningurinn þarf þvert á móti að berast víða og fólk þarf að heyra hann – og það kom mér satt að segja á óvart hvað andstaðan var yfirgnæfandi þegar upp var staðið. Í þessu samhengi legg ég áherslu á að hlutverk mitt sem atvinnuvegaráðherra, ekki hvað síst þegar kemur að því að setja ný heildarlög um mikilvæga atvinnugrein, er að feta ákveðinn milliveg, án þess þó að fylgja lægsta samnefnara hverju sinni,

og taka þannig tillit til fjölmargra ólíkra sjónarmiða og hagsmuna sem eru undir.

Það var upplegg atvinnuvegaráðuneytisins þegar lagt var af stað í frumvarpsvinnuna. Markmiðið var að gera umgjörð greinarinnar skilvirkari og betri – og í samræmi við það sem ég nefni hér um ólík sjónarmið var horft til allra þátta; efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra. Mig langar að tæpa á nokkrum þeirra atriða sem ég tel að væru til verulegra bóta, ekki aðeins fyrir greinina sjálfa heldur einnig ykkur – sveitarfélögin:

- Lagt var til að skattlagning á greinina myndi lækka um 40%. Og til lengri tíma - við endurskoðun laganna - að taka upp auðlindagjald sem tekur mið af hagnaði fyrirtækjanna en ekki veltu eins og fyrirkomulagið er í dag.
- Starfsemi Fiskeldissjóðs lögð niður í núverandi mynd og styrkjakerfi tengt lagareldi einfaldað til að gefa sveitarfélögum aukinn fyrirsjáanleika.
- Auknar umhverfis- og dýravelferðarkörfur á sama tíma og sett voru inn skilyrði og sveigjanleiki fyrir atvinnugreinina til að haga starfsemi sinni á skilvirkan og ábyrgan hátt. Ekki síst fyrir sveitarfélögin og samfélögin sem eiga í hlut.
- Skýrari rammi utan um landeldi.

Í stóru ráðuneyti eins og atvinnuvegaráðuneytinu þarf að forgangsraða málum og eins og þið þekkið er lagareldið ekki á þingmálaskrá vetrarins. Ég bind vitaskuld vonir við að svo verði fyrr en síðar og að samtöl um framhaldið skili árangi þannig að áður en kjörtímabilinu lýkur verðum við komin með nýja heildarlöggjöf um lagareldi.

Og á þeim tiltölulega bjartsýnu nótum langar mig að snúa mér að máli sem er á þingmálaskrá vetrarins: frumvarp til laga um stórþörungarækt í sjó. Drög að frumvarpinu eru nú í samráðsgátt stjórnvalda, því samráði lýkur á morgun og vænti ég þess að einhverjar umsagnir komi frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Frumvarpið er ein af aðgerðum byggðaáætlunar sem verður einnig lögð fram í haust. Í mínum huga er hér um afar mikilvægt mál að ræða þar sem þörungarækt hefur alla burði til þess að verða stór atvinnugrein hér á landi. Það er þó vandkvæðum bundið fyrir greinina að vaxa þegar regluverkið skortir. Úr því hyggst ég nú bæta með fyrrnefndu frumvarpi sem hefur það að markmiði að koma á skýrum, fyrirsjáanlegum og skilvirkum lagaramma sem styður við rannsóknir, þróun og atvinnuuppbyggingu, á sama tíma og tryggt er að ræktun fari fram með ábyrgum hætti. Ég hlakka til að sjá hvaða umsagnir berast um málið og vonast í því samhengi meðal annars eftir góðum og uppbyggilegum samtölum við ykkur.

Ágætu gestir.
Önnur atvinnugrein sem fær mikið vægi í atvinnustefnu stjórnvalda sem og meðfylgjandi aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2027 er ferðaþjónustan. Greinin skapar störf um allt land, hefur fyrir löngu slitið barnsskónum og er í dag einn af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar. Í samræmi við það er í mörg horn að líta innan atvinnuvegaráðuneytisins þegar kemur að ferðaþjónustunni. Nú á haustþingi mun ég til að mynda leggja fram frumvarp um náttúru- og innviðagjald á fjölsóttum ferðamannastöðum í eigu ríkisins. Samráð um drög að frumvarpinu fór fram í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og lauk í byrjun október. Líkt og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum bárust

fjöldamargar umsagnir um málið, meðal annars frá sveitarfélögum á Suðurlandi sem þykir illa að sér vegið með frumvarpinu þar sem þessir þrír fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins eru jú allir innan þess landshluta.

Í því samhengi vil ég segja hér, þar sem við erum stödd á Vestfjörðum og innan þessa landshluta eru einnig náttúruperlur í eigu ríkisins, að eitt af markmiðunum með innheimtu náttúru- og innviðagjalds er að bæta innviði og náttúruvernd á ferðamannastöðum um **allt land**. Í því skyni er byrjað á þremur mest sóttu áfangastöðunum í eigu ríkisins. Með slíkum aðgerðum gerum við fáfarnari ferðamannastöðum kleift að taka á móti fleiri gestum og stuðlum þar af leiðandi að betri og markvissari dreifingu ferðamanna um landið. Með þessum aðgerðum stöndum við vörð um gæði íslenskrar ferðaþjónustu til framtíðar og tryggjum að hún haldi samkeppnishæfni sinni.
Ég nefndi hér áðan að tækifærin til sóknar og aukinnar verðmætasköpunar liggi víða og í þessu ávarpi mínu hef ég aðeins nefnt nokkrar af þeim atvinnugreinum þar sem tækifærin blasa svo sannarlega við.
En á sama tíma og við erum að leggja áherslu á einstaka atvinnugreinar erum við líka í umfangsmikilli vinnu við að einfalda kerfin og bæta þjónustu. Meðal annars með því að sameina stofnanir og vinda ofan af óþarflega flóknu fyrirtækjaumhverfi. Ég get nefnt sem dæmi mál sem varðar stærðarmörk fyrirtækja. Hljómar kannski léttvægt en er í raun risastórt því það mun draga úr skriffinnsku hátt í fjögur þúsund fyrirtækja á Íslandi við skil á ársreikningum. Þessi mál (og ég er með fjölmörg slík mál á minni könnu) rata ekki endilega í kastljós fjölmiðla, en skipta fyrirtæki landsins miklu máli.

Allt tengist þetta svo því sem ég nefndi strax í upphafi ræðu minnar og er mitt leiðarljós sem atvinnuvegaráðherra, **sem er að stuðla að aukinni verðmætasköpun.** Ég er þess fullviss að Vestfirðingar munu halda áfram að grípa tækifærin eins og þeir hafa alltaf gert, og ég veit að sama skapi að ríkisstjórnin mun styðja við áframhaldandi vöxt og verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi. Bæði hér á Vestfjörðum og um allt land.
Takk fyrir.